

LEIKLIST Í HAFNARFIRÐI



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Sýning Leikminjasafns Íslands
 verður opnuð í „Gúttó“
 Góðtemplarahúsinu við Suðurgötu í Hafnarfirði
 í dag kl. 17:00

Leiklist í Hafnarfirði

Í Hafnarfirði hefur verið leikið í meira en 130 ár. Þar hafa bæði starfað áhugaleikfélög og atvinnuleikhús, auk þess sem ýmsir þjóðkunnir leikarar eru hafnafirskir að uppruna eða hafa einhvern tímann tyllt niður fæti á hafnfirskum leiksviðum. Á nítjándu öld urðu Hafnarfirðingar flestum, ef ekki öllum, fyrri til að koma sér upp leikhúsi og síðar fékk Leikfélag Hafnarfjarðar ágæta aðstöðu í Bæjarbíó. Þá hefur löngum verið mikið leikið í skólum bæjarins, bæði barnaskólanum og Flensborgarskóla. Leiksaga Hafnfirðinga er því, þegar á allt er litið, bæði löng og fjölbreytt og á köflum metnaðarmikil.

Ekki er vitað með vissu hvenær leiksýningar hefjast í Hafnarfirði, en þó er nokkuð ljóst að það var áður en Gúttó kom til sögunnar, um 1880. Sýnt var í Linnetspakkhusi svonefndu og var Skugga-Sveinn Matthíasar Jochumssonar leikinn. Frá þessu segir í endurminningum Knuds Ziemsens borgarstjóra í Reykjavík. Með tilkomu Gúttó breyttist leikaðstaða auðvitað til mikilla muna, þó að framan af muni Hafnfirðingar ekki hafa hugsað svo hátt að stofna sérstakt leikfélag. Þó er getið um leikfélag í blaðinu Kvási sem var gefið út í bænum á árunum 1908 – 09, en litlar heimildir eru að örðru leyti um starf þess.

Góðtemplarahúsið (Gúttó)

Gúttó í Hafnarfirði er eitt af allra fyrstu góðtemplarahúsum landsins. Það var byggt árið 1886 og vígt 17. desember sama ár. Húsið var í fyrstu aðeins sá hluti sem nú er samkomusalur. Árið 1907 var byggð þverálma sunnan við það með leiksviði og húsvarðaríbúð og árið 1929 var lokið við að byggja aðra þverálmu norðan við það í þeirri mynd sem nú er.

Gúttó var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnfirðinga og aðalmenningarmiðstöð bæjarins í áratugi. Þar var leikið frá upphafi. Leikfélag Hafnarfjarðar var stofnað árið 1936 og starfaði fyrstu árin í Gúttó, en veturnum 1944-45 flutti það starfsemi sína í hið nýja bíohús bæjarins.

